

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1627

komudagur 22/4 1996

Reykjavík, 21. apríl 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Stéttarfélagi lögfræðinga hafa borist hugmyndir fjármálaráðuneytis um breytingar á frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, dags. 19. apríl 1996, að fengnum umsögnum við það og eftir umræður í nefndinni.

Stéttarfélag lögfræðinga vill gera eftirfarandi athugasemdir við tillögur fjármálaráðuneytis um breytingar á frumvarpinu:

Um 1. lið:

Verið er að fjölga þeim störfum sem ekki falla undir auglýsingaskyldu. Ítrekuð er sú krafa sem félagið setti fram í upphaflegum athugasemdum að meginreglan verði sú að öll störf skuli auglýst opinberlega.

Um 3. lið:

Með þessu er verið að kollvarpa þeirri skilgreiningu sem lögð var til í frumvarpinu og var í samræmi við skilgreiningu hugtaksins í vinnurétti. Varað er við að ríkjandi réttarástandi verði breytt enda verður ekki séð þörf slíkrar breytingar.

Um 4. lið:

Stéttarfélagið er sammála þeirri breytingu sem hér er lögð til og er í samræmi við þær athugasemdir sem félagið gerði við frumvarpið.

Um 5. lið:

Stéttarfélagið telur fjölgun embættismanna ekki eiga rétt á sér. Þá gætir ósamræmis í frv. hverjir skuli teljast embættismenn, en skv. athugasemdum er stefnt að því að æðstu starfsmenn ríkisins og þeir sem sinna öryggisgæslu verði embættismenn. Því er einkennilegt að í athugasemdum er lagt til að starfsmenn almannavarna og landhelgisgæslu séu felldir út úr embættismannakaflanum. Þá er ennfrekar verið að fjölga í embættismannahópnum í 10. tölul. með brottfalli orðanna "af forseta Íslands".

Um 6. lið:

Til viðbótar áður framkomnum athugasemdum er ítrekað að þörf er á reglum í 23. gr. um hvaða embættismenn skuli skipa og hverja ekki.

Um 11. lið:

Vakin er athygli á því að í hugmyndum um breytingar fjármálaráðuneytisins að í frv. vantar útlitun á hugtakinu reynslutími.

Um 14. lið:

Félagið er andvíggt hugmyndum að breytingum skv. a-lið. Augljóst er að 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er ætlað að halda gildi sínu, sbr. b og c-lið.

Niðurstaða:

Félagið telur óeðlilegt að knúið sé á um lögfestingu frumvarpsins með þeim hraða sem raun ber vitni, enda verður ekki séð nauðsyn þess. Ennfremur ítrekar félagið að eðlilegra hefði verið að samstarf hefði átt sér stað við samtök opinberra starfsmanna við samningu frumvarpsins og að endurskoðun laganna hefði farið fram í tengslum við gerð kjarasamninga. Varar Stéttarfélag lögfræðinga því eindregið við því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Stéttarfélags lögfræðinga,


Sólveig Bachmann, formaður.